

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Austur-Héraði.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 3. nóvember 2003 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðasvæði í Selbrekku á Egilsstöðum, efra svæði.

Á svæðinu eru íbúðagöturnar Bjarkasel, Egilssel, Flatasel, Klettasel og Dalssel, samtals 44 íbúðarlóðir.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 9. júní 2004.

Pórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps, nr. 689/1998, með síðari breytingum.

1. gr.

7. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, annan þriðjudag hvers mánaðar, eða samkvæmt nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 14.00. Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati oddvita og framkvæmdastjóra sveitarfélagsins og skylt er að halda aukafund í sveitarstjórn ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

Samþykkt þessi, sem sett er af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. júní 2004.

F. h. r.

Guðjón Bragason.

G. Dýrleif Kristjánsdóttir.